

Íslensk hönnun á spretti

Kjallari

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Hönnunarmarsinn er lifandi tákni um hvernig íslensk hönnun rennur skeiðið um þessar mundir eins og skagfirskur vefringur. Hönnun var lengi hálfgerð olnbogabarn, sem ekki átti athvarf í stjórnsýslunni. Íslensk fyrirtæki voru líka sein að skilja að hönnun er ekki lúxus, heldur uppspretta verðmæta og aukins hagnaðar. Nú er þetta allt að breytast. Hönnun er á góðri leið með að verða framsæknasta grein atvinnulífsins, og er að heyja sér alþjóðlegan orðstír fyrir skapandi dirfsku og frumleika.

Þrír hvatar

Ýmsar ástæður valda hönnunargróskunni síðustu árin. Ein er vísast Listaháskólinn, sem framleiðir upprennandi snillinga í sverum bunum.

Önnur er hrúnið. Það fór eins og skógareldur yfir samfélagið en hafði hins vegar þveröfug áhrif á skapandi greinar. Þegar ég var iðnaðarráðherra fann ég gerla á eigin skinni hin þverstæðukenndu en jákvæðu áhrif hrunsins á skapandi greinar – ekki síst íslenska hönnun.

Þriðja atriðið, sem sannarlega hefur skipt sköpum var fæðing Hönnunarmiðstöðvarinnar.

Hönnunarmiðstöðin

Hönnun er í eðli sínu þverlæg grein, sem spannar allt frá ball-ett yfir í vöruframleiðslu og átti því hvergi skilgreint athvarf í neinu sérstöku ráðuneyti. Hún leitaði skjóls í iðnaðarráðuneytinu, og þegar ég varð þar ráðherra 2007 tók ég henni opnum örnum.

Skeleggir talsmenn hennar töldu þá brýnast að setja á stofn



” Þannig varð Hönnunarmiðstöðin til gegn öllum efnahagslegum lögmálum í miðju fjármálahrúni. Síðan hefur hún glansað.

Hönnunarmiðstöð. Þeir sannfærðu mig og Einar Karl, sem réri á hitt borðið. Við sóttum sameiginlega á þá sem sátu á fjársjóðum ríkisins, og töldum um það er lauk allt í gadda slegið. Þá dundi hrúnið yfir með öllum sínum ósköpum.

Hvassbrýndum niðurskurðarhníf var í blóðugri neyð beitt á öllum sviðum ríkisins. Hönnunarmiðstöð, sem var ekki orðin til nema á pappírnum, var vegin og léttvæg fundin, og eiginlega eytt meðan hún var enn ófædd. Það þurfti sterkar fortölur til að gnýja hana aftur til lífs. Farsælar

lyktir í því máli voru fáum jafn mikið að þakka og þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sem hafði skilning á því hvað slík miðstöð var mikilvæg – einmitt í hrúninu.

Þannig varð Hönnunarmiðstöðin til gegn öllum efnahagslegum lögmálum í miðju fjármálahrúni. Síðan hefur hún glansað.

Ný hönnunarstefna – nýr Hönnunarsjóður

Hönnunarmiðstöðin hefur notið þess að vera óskabarn greinarinnar. Innan hennar sameinuðust margir kraftar úr ólíkum greinum. Ég er ekki í vafa um að gróskan í íslenskri hönnun á sér mikilvæga uppsprettu í starfi Hönnunarmiðstöðvarinnar. Hún hefur tekið glæsilegt frumkvæði á mörgum sviðum, ekki síst varðandi stuðningskerfi hins opinbera fyrir hönnun. Hún kom til leiðar starfshópi um hönnunarstefnu fyrir næstu fimm ár. Ríkisstjórnin hefur nú staðfest tillögur hans sem opinbera hönnunarstefnu Íslands.

Stefnan miðar m.a. að því markmiði að gera hönnun að óaðskiljanlegum þætti í allri framleiðslu. Reynslan hefur nefnilega sýnt, að fyrirtæki, sem nota hönnun ekki aðeins sem stílfærslu, heldur inngróinn hluta af ferli framleiðslunnar, sýna bæði meiri þrótt í nýsköpun – og skila meiri hagnaði. Rannsóknir sýna líka, að samkeppnishæfni þjóða ræðst að töluverðu leyti af hönnunarstigi þeirra. Gerólíkar þjóðir, eins og Finnland og Singapur, hafa báðar skilgreint sig sem hönnunarþjóðir og skara efnahagslega framúr. Ísland stefnir líka að því að verða hönnunarþjóð.

Í takt við áherslu sína á hönnun hefur ríkisstjórnin nú ákveðið að setja á laggir sérstakan Hönnunarsjóð sem hluta af vaxtaráætlun næstu ára. Mjór er mikils vísir. Í honum eru ekki nema tæplega 50 milljónir í upphafi. Ég dreg þó ekki í efa að með sama harðfylgi og öflugir talsmenn hönnunar á Íslandi hafa sýnt síðustu árin tekst þeim að tífalda hann fyrir en varir.